

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs

82. fundur – símafundur haldinn 17.mars 2017

Mætt: Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Björn Ármann Ólafsson, Steingrímur Karlsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Fjarverandi af aðalmönnum var Þórhallur Þorsteinsson. Fyrir hönd Vatnajökulshjóðgarðs sátu fundinn Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri, Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður austursvæðis og Þórveig Jóhannsdóttir starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á austursvæði.

Dagskrá: 1. Niðurstöður rektrar VJP 2016

2. Rekstraráætlun 2017

3. Önnur mál

Formaður setti fund 13:00.

1.Niðurstöður rekstar VJP 2016 fyrir Austursvæði

Valbjörn fór yfir niðurstöður rekstrar austursvæðis VJP. Fram kom að sértekjuliðurinn er ekki réttur, þar sem eitthvað af sértekjum hefur ekki bókast rétt. Rætt um einstaka liði. Ófyrirséð framkvæmd við vatnsból á Skriðuklaustri hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðutölur. Jóhann spyr út í hvernig standi á að rauntölur á Annari sérfræðipjónustu sé svona gífurlega langt yfir áætlun, það er skýrt með lögfræðikostnaði og vinnu við deiliskipulagsgerð og að hluti af þeirri vinnu frá 2015 fór yfir á 2016.

Svæðisráð vekur athygli á að svo virðist sem nokkrir liðir séu rangt bókaðir, þ.e. ekki á rétta liði og erfitt er að bera saman niðurstöður áætlunar og rauntölur, þegar kostnaður er bókaður á ranga liði. Heildarniðurstaða rekstrar fyrir árið 2016 er kr. 64.694.683 í framlögðum drögum.

2.Rekstraráætlun 2017

Valbjörn og Þórður fara yfir rekstraráætluna og útskýra hvernig hún er sett upp. Tekið er fram að ekki sé komin viðbótarframlög svo í rekstraráætlunni er ekki gert ráð fyrir auka framlagi en það gæti skýrst út á næstu dögum hvort það fæst í landvörslu.

Svæðisráð samþykkir framlögð drög að rekstraráætlun fyrir austursvæði.

Svæðisráðs austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs lýsir áhyggjum yfir því að rekstrarframlag til þjóðgarðsins á fjárlögum er um 30 milljónum króna lægra en á síðasta ári. Þetta er raunin þrátt fyrir aukna þörf á landvörslu og upplýsingagjöf innan þjóðgarðsins vegna mikillar fjölgunnar

ferðamanna. Rekstraráætlun austursvæðis gerir ráð fyrir nánast sömu krónutölu til reksturs á yfirstandandi ári og því síðasta. Þetta er raunlækkun milli ára þrátt fyrir breyttar aðstæður og aukin verkefni. Jafnframt gagnrýnir svæðisráð það vinnulag að úthluta aukalega til landvörslu á vordögum, líkt og gert var á síðasta ári og stendur til í ár. Slíkt veldur þjóðgarðsvörðum erfiðleikum við að fá til starfa hæft starfsfólk og torveldar allar áætlanir.

3. Önnur mál

Rætt er um stjórnarfund næstkomandi þriðjudag 21.mars og komu umhverfissráðherrans á nýja skrifstofuaðstöðu VJP sem opnuð verður formlega við það tækifæri.

Fundi slitið 13:45

Ritari Þórveig